

Fundargerð 31. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 21. mars kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Gunnar Þorgeirsson, Unnur Lára Bryde, Árni Eiríksson, Dagbjört Jónsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Nanna Jónsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - skýrsla formanns - 1710002SO

Skýrsla formanns frá síðasta stjórnarfundi.

Kom m.a. fram að formaður hefur sótt tvo viðburði á vegum samtakanna frá síðasta stjórnarfundi eða málþing Byggðastofnunar um raforkumál og morgunfund Landsnets. Erindi til aðildarsveitarfélaga vegna smávirkjana og sniðmát vegna staðlaðrar fyrirspurnar til Þjóðskrár er enn ófrágengið og gerir formaður ráð fyrir að ljúka megi þeim verkefnum bráðlega. Vegna skýrslu starfshóps sem áður starfaði innan samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til Jóns Gunnarssonar, fyrrverandi ráðherra, þá hefur formaður beðið um fund með nýjum ráðherra til að ýta á eftir áframhaldandi vinnu í málinu. Þá er í undirbúningi að Logos lögmannsstofa geri drög að frumvarpstexta, sem sýnir fram á hvernig haga megi tekjum sveitarfélaga með lagasetningu um fasteignamat orkumannvirkja. Mun formaður gera grein fyrir frekari framgangi málsins á næsta stjórnarfundi.

2. Samningur um skrifstofuþjónustu við Samband ísl. sveitarfélaga - 1803003SO

Uppfærður samningur lagður fram.

Formaður greindi frá viðræðum við Karl Björnsson, framkvæmdastjóra sambandsins um hvað samningurinn feli nákvæmlega í sér, eins og ákveðið var á síðasta fundi. Var samningurinn samþykktur.

3. Orkufundur 2018 - 1803001SO

Orkufundi 2017 var frestað fram á fyrri hluta þessa árs. Samþykktu fundarmenn tillögur formannsins um að fundurinn verði haldinn föstudaginn síðdegis 4. maí nk. á höfuðborgarsvæðinu og helgaður vindorku. Var formanni og starfsmanni falið að hefja undirbúning.

4. Önnur mál - 1803002SO

Tillaga formanns samþykkt þess efnis að næsti stjórnarfundur verði myndsfundur, þann 25. apríl nk. kl. 12:00. Starfsmanni falið að boða fundinn með

"skype-fundarboði".

Formaður þakkaði Arnari Sævarssyni fyrir vel unninn störf í þágu samtakanna, en hann hættir sem bæjarstjóri Blönduósbæjar um næstu mánaðamót og gengur þar með sjálfkrafa úr varastjórn.

Fundi var slitið kl. 12:45

Stefán Bogi Sveinsson

Gunnar Þorgeirsson

Unnur Lára Bryde

Árni Eiríksson

Dagbjört Jónsdóttir

Sigrún Hauksdóttir

Kristín María Birgisdóttir

Nanna Jónsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson

